



Fundargerð

Aðalfundur Golfklúbbs Mosfellsbæjar var haldinn í Íþróttamiðstöðinni Kletti, Mosfellsbæ, þann 4. desember 2023, kl. 20:00.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Kosning fundarstjóra og fundaritarara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins
3. Áritaðir reikningar kynntir
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Kosning aganefndar og kjörnefndar
10. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setti fundinn og gerði þá tillögu að Grétar Eggertsson yrði kjörinn fundarstjóri. Það var samþykkt og tók hann til starfa og gerði tillögu um að Tómas Sigurðsson yrði kjörinn fundarritari. Það var einnig samþykkt og tóku þeir til starfa.

Fundarstjóri kannað lögmæti fundarins, en til hans var boðað með auglýsingu á heimasíðu félagsins þann og tölvupósti til félagsmanna og á Facebook með tilskildum fyrirvara. Fundarstjóri kannaði hvort nokkur hefði athugasemdir við boðun fundarins. Svo var ekki og úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan og var þá gengið til dagskrár.

Á fundinn mættu 65 félagsmenn.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins

Kári Tryggvason flutti skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins, sem er hægt að lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins.

<https://golfmos.is/sk%C3%BDrsla%20stj%C3%B3rnar%20-%202023.pdf>

3. Áritaðir reikningar kynntir

Steinþór Pálsson, gjaldkeri félagsins kynnti ársreikning Golfklúbbs Mosfellsbæjar fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2022 til 31. október 2023. Reikningarnir ásamt áritun hafa verið birtir á vefsíðu félagsins:

<https://golfmos.is/%C3%A1rsreikningur%20gm%202023.pdf>

Afkoma félagsins á liðnu rekstrarári var neikvæð um 8,2 milljónir kr. samanborið við 13,6 m.kr. tap á fyrra ári.

Steinþór fór yfir rekstrarreikning félagsins og gerði grein fyrir sundurliðun á öðrum tekjum, sem eru einkum tekjur af veitingasölu, sem og vörunotkun.

Þá gerði Steinþór grein fyrir helstu liðum í efnahagsreikningi félagsins. Eignir í árslok námu 898,0 milljónum króna og bókfært eigið fé félagsins í lok rekstrarársins nam 461,2 m.kr.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Magnús fann að holum á veginum að Bakkakoti. Ágúst Jensson svaraði því til, að landeigandi í Laxnesi lóðar hafi komið í veg fyrir að vegurinn væri hefлаður, sem bitnar á klúbbum og starfsemi hans en um það er rekið dómsmál.

Þá tók Eiríkur Þorláksson til máls og talaði um skuldsetningu klúbbsins. Frá 2018 hafi fjöldi félagsmanna tvöfaldast, en tekjur af félagsgjöldum hafi hækkað úr 82 í 190 m.kr. rúmar. Meðal gjald sem hver félagi greiðir hefur á sama tímabili hækkað úr 71 í 84 þkr á ári. Félagið greiðir um 40 mkr í vexti af lánum, eða sem svarar til 20% af félagsgjöldum. Frá 2017 hefur félagið greitt 217 mkr í fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur. Margt hefur verið reynt til að lækka skuldir, þannig keypti bærinn neðri hæðina í húsinu. Fjárfestingar liðinna tveggja ára hafa að hálfu leyti verið fjármagnaður með lánum, sem sé óhagfelld við jafnhátt vaxtastig og nú ríkir. Verði ráðist í þær framkvæmdir sem formaður kynnti í skýrslu stjórnar, varaði Eiríkur stjórn við því að gera slíkt með lánum. Varasamt er að líta til þeirrar eignar sem bundin er í vellinum við mat á eigin fé. Litið framhjá því er matsverð fasteigna og bókfært verð tækja hærra en skuldir, svo félagið er réttu megin við núll. Að lokum lagði Eiríkur til að stjórnin leggi áherslu á að greiða niður skuldir félagsins sem fyrst og dragi þannig úr vaxtagjöldum félagsins.

Steinþór Pálsson þakkaði Eiríki brýninguna og gagnlegar ábendingar. Hann skýrði frá því að stefnt sé að því að framkvæmdir við Hlíðavöll verði greiddar af bænum. Þá hafi stjórn ákveðið fjárfestingu í tækjum, sem voru orðin slitin og dýr í rekstri. Betri tæki sem fjárfest hafi verið í hafi lækkað rekstrarkostnað. Það muni hins vegar taka tíma að greiða skuldir félagsins niður, sem stjórnin stefni að.

Engir aðrir tóku til máls undir þessum lið.

Reikningar og skýrsla stjórnar voru samþykkt einróma.

5. Lagabreytingar

Engar tillögur voru lagðar fram til breytinga á lögum félagsins.

6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt

Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri klúbbsins, kynnti rekstraráætlun fyrir 2023-2024, sem gerir ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 382,3 m. kr. og að rekstargjöld fyrir fjármagnsliði nemi 330,5 m. kr. fjármagnsgjöld verði 37,8 m. kr., sem leiði til hagnaðar um ríflega 14 m.kr.

Ágúst skýrði frá yfirstandandi framkvæmdum. Uppbygging Bakkakotsvallar heldur áfram. Þfór hann yfir fjárfestingu í tækjum, þ.á m. brýningavél, vinnubíla og slátturóbota. Haldið verður áfram með uppbyggingu teiga á Hlíðarvelli og unnið verður við ræsingu á 16-17 braut. Nýir Trackman hermar voru keyptir og stefnir í að þeir verði uppgreiddir í árslok 2024. Loks er ráðgert að hefja vinnu við undirbúning uppbyggingu á skýli við æfingasvæðið á Hlíðavelli.

Ágúst gerði grein fyrir áformuðum framkvæmdum á vellinum í Bakkakoti og á Hlíðarvelli. Ágúst skýrði frá því að áætlanir standi til þess að kostnaður við framkvæmdir við Hlíðarvöll nemi um 55 mkr sem útlit er fyrir að fáist fjármagnað.

Hildigunnur spurði hvort áformað væri að snúa vellinum reglulega eins og gert var síðasta sumar og lagði þá til að upplýst verði um það hvort ræst verði út á fyrsta eða tíunda teig með fyrirvara.

Spurt var um hjartastuðtæki í Bakkakoti, en í sumar kom það upp að erfitt var að finna það og starfsfólk ekki nægilega upplýst um það. Áhersla verður lögð

Rætt var hvernig megi bæta nýtingu vallarins, þegar hluti kylfinga lýkur leik eftir níu holur og greindi Ágúst frá því að GolfBox stefni að því að bjóða upp á þann möguleiki að hægt verði að skrá sig á seinni 9 holur vallarins ef einhverjir bóki sig bara í 9 holur.

Enginn annar tók til máls um rekstraráætlun komandi starfsárs.

7. Ákvörðun félagsgjalda

Ágúst Jensson kynnti tillögu stjórnar að félagsgjöldum næsta árs:

Félagsaðild með fullri leikheimild	155.000 kr.
Félagsaðild með hálfri leikheimild	111.000 kr.
69 ára og eldri (Full leikheimild)	118.000 kr.
69 ára og eldri (Hálf leikheimild)	85.000 kr.
Börn 12 ára og yngri	28.000 kr.
Börn 13 - 18 ára	36.000 kr.
Ungmennni 19 - 29 ára	80.000 kr.

Þá var gerð tillaga um aukaaðild, sem kosti 50.000 kr.

Æfingaboltar á æfingasvæði verða félagsmönnum til reiðu, innifaldir í félagsgjöldum, sem takmarkist þó við 1.500 bolta á félagi með aukaaðild.

Spurt var hvort rétt sé að veita kylfingunum sem eru á aldrinum 19-29 sérstakan afslátt á sama tíma og verið er að hækka á sama tíma félagsgjöld þeirra sem eru 69 ára og eldri. Framkvæmdastjóri skýrði frá því að stjórnin hefði tekið ákvörðun um að leggja það til, í því skyni að draga úr brottfalli yngri kylfinga, sem hefur verið vandamál, ekki síst meðal ungra kvenna.

Lagt var til að birt verði nánari sundurliðun á dreifingu félagsgjalda milli kynja og aldurshópa og tók framkvæmdastjóri vel í að birta slíka samantekt á heimasíðu klúbbsins.

Spurt var hví vegurinn frá leikskóla að klúbbhúsi sé einbreiður. Nauðsynlegt sé að hafa hann tvíbreiðan, svo ekki þurfi að aka út á malarveg til að mæta bílum. Ágúst svaraði því til að vegurinn er bráðabirgðavegur sem aðeins hafi fengist leyfi til að hafa einbreiðan. Vegarlagning sé á ábyrgð bæjarins, sem hafi ekki brugðist við ábendingum golfklúbbsins um þörf á úrbótum.

Félagsmaður fann að tillögu stjórnar um hækkun félagsgjalda og lýsti því að hann teldi sig vera að fá minna fyrir félagsgjöldin sín núna en á fyrri árum, þá hafi verið boðið upp á betri aðgang að rástímum, sem hafi skerst með fjölgun félagsmanna og eins vetrargolf. Framkvæmdastjóri skýrði frá því að hækkunir sem lagðar eru til séu í takt við verðbólgu og endurspegli aukinn rekstrarkostnað. Þá lýsti hann því að varhugavert væri að stunda vetrargolf meðan gras er í dvala. Því sé mikilvægt að nota mottur og ekki ákveðna teiga þegar gengið er um völlinn og minnka þannig slit.

Fram kom athugasemd við að í tillögu stjórnar sé hækkun félagsgjalda umfram verðbólgu ráðlögð.

Gengið var til atkvæða um tillöguna, sem var samþykkt samhljóða af öllum mættum félagsmönnum, utan sex, sem greiddu atkvæði á móti tillögunni.

8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna

Stjórn gaf öll kost á sér til endurkjörs og engin mótframboð bárust. Stjórn GM 2023-2024 er því skipuð þannig:

Kári Tryggvason, formaður var kosinn til eins árs.

Þessir stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára:

Siggeir Kolbeinsson
Guðjón Karl Þórisson
Írunn Ketilsdóttir

Þessir stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára árið 2022.

Andrea Jónsdóttir
Arna Rún Kristjánsdóttir
Steinþór Pálsson

Varamenn voru kjörnir til eins árs:

Einar Már Hjartarson
Arnór Daði Rafnsson
Elín Gróa Karlsdóttir
Björn Óskar Guðjónsson

Skoðunarmenn reikninga voru kosin:

Björk Jóhannsdóttir og
Elín Rósa Guðmundsdóttir

9. Kosning aganefndar og kjörnefndar

Kosið var í aganefnd og kjörnefnd til tveggja ára og voru þessi kjörin:

Sigurður Geirsson
Guðrún Leósdóttir og
Elín Rósa Guðmundsdóttir.

Kjörnefnd er þannig skipuð:

Guðrún Leósdóttir
Óskar Sæmann Axelsson og
Þorvaldur Borgar Hauksson

Varamenn:

Björn Óskar Guðjónsson og
Gunnlaugur Júlíusson

10. Önnur mál

Þuríður Pétursdóttir ræddi um keppnisbúninga klúbbsins. Hún eigi marga, nýir keppnisbúningar eru ákveðnir nær árlega og eldri búningar nýtast því illa. Hún lagði til að klúbburinn ákveði, í eitt skipti fyrir öll einkennandi keppnisbúning, helst grænan.

Þá kom Dagur Ebenesersson í pontu og veitti viðurkenningu fyrir kylfinga ársins, karl og konu. Berglind Erla Baldursdóttir var valin kvenkylfingur ársins og Kristján Þór Einarsson var valinn karlkylfingur ársins.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundarstjóri þakkað félagsmönnum fyrir góðan fund og fól formanni að slíta fundi. Kári Tryggvason þakkaði ~~Kára~~ félagsmönnum það traust sem sér væri sýnt með því að velja hann formann í áttunda sinn.

Fundi var slitið kl. 21:50.

Grétar Eggertsson
fundarstjóri

Tómas Sigurðsson
fundarritari